



Starfsreglur Matvælasjóðs

1. Hlutverk

Hlutverk Matvælasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 31, 30. apríl 2020, er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

2. Starfsemi

Matvælasjóður er samkeppnissjóður. Mat á umsóknum byggist á hlutverki sjóðsins og áherslum. Ráðstöfunarfé Matvælasjóðs samanstendur af fjárveitingu af fjárlögum hverju sinni og öðrum tekjum eftir því sem þeim er til að dreifa.

3. Skipulag

Matvælasjóður lýtur stjórn fjögurra manna sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórn sjóðsins mótar stefnu fyrir sjóðinn og ber undir ráðherra til samþykktar.

Stjórn sjóðsins starfar á grundvelli laga um Matvælasjóð og er starfsreglum Matvælasjóðs ætlað að auka gegnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð sjóðsstjórnar.

Stjórn sjóðsins skipar fagrád til fjögurra ára í senn. Fagrád skal skipað allt að sjö einstaklingum. Fagrád er til ráðgjafar um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Jafnframt er fagrád ráðgefandi fyrir stjórn sjóðsins eftir því sem óskað er.

Stjórn sjóðsins hefur sett hæfisreglur sem stjórnarmenn og fagráðsmenn hafa kynnt sér. Hæfisreglur sjóðsins má finna á heimasíðu sjóðsins.

4. Stefna

Stjórn sjóðsins mótar stefnu fyrir sjóðinn og ber undir ráðherra til samþykktar.

Tilgangur Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Horft er til að stuðningur við matvælaframleiðslu verði sem næst uppruna hennar. Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila.

5. Styrkhæfi og mat umsókna

Við ákvörðun um styrkhæfi umsókna skal fagrád leggja mat á meðal annars gæði verkefnis- eða rannsóknaráætlunar, þ.m.t. markmið og skipulag verkefnis, hagnýtingargildi og mikilvægi þess og getu umsækjenda til að leysa verkefnið.

6. Skilyrði úthlutunar

Umsóknir eru metnar af fagráði sem leggur fram röðun umsókna til stjórnar sjóðsins. Stjórn Matvælasjóðs gerir tillögu um úthlutun styrkja og leggur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til ákvörðunar.



Stjórnin skal viðhafa vandaða stjórnsýsluhætti og byggja ákvarðanir sínar á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Stjórninni ber að gæta jafnræðis við mat umsókna og ákvörðun um úthlutun. Ákvarðanir stjórnarinnar eru undanþegnar skyldu til rökstuðnings, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og jafnframt undanþegnar kærueimild, en um þær gilda meginreglur stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga.

7. Auglýsing um styrkveitingar

Stjórn Matvælasjóðs skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Í auglýsingu skal tilgreina þær áherslur sem stjórn sjóðsins hyggst forgangsraða við sérhverja úthlutun. Eins skal í auglýsingu tilgreina fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast sjóðnum. Auglýsingu skal birta á heimasíðu sjóðsins a.m.k. 2 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út.

8. Umsóknir og meðferð umsókna

Upplýsingar um ferli umsókna, eyðublöð og annað ítarefni er að finna á heimasíðu Matvælasjóðs.

Farið er með allar umsóknir og fylgigögn sem trúnaðarmál. Upplýsingar um verkefni og reikninga skulu undanþegnar trúnaðarskyldu nema trúnaðar sé sérstaklega óskað og sjóðstjórn samþykki. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.